

AUGLÝSING

um staðfestingu námskrár fyrir grunnþjálfun og endurmenntun skoðunarmanna.

1. gr.

Með vísan til 74. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 28. gr. reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja hefur innviðaráðherra staðfest námskrá Samgöngustofu fyrir grunnþjálfun og endurmenntun skoðunarmanna.

2. gr.

Námskráin sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. janúar 2024.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Hermann Sæmundsson.

Fylgiskjal.

I. KAFLI

Um námskrána.

Námskráin kveður á um fyrirkomulag grunnþjálfunar og endurmenntunar skoðunarmanna ökutækja, samkvæmt V. kafla reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 414/2021. Námskráin uppfyllir ákvæði IV. viðauka við tilskipun 2014/45/ESB um lágmarkskröfur um hæfni, þjálfun og vottun skoðunarmanna.

Grunnþjálfun skoðunarmanna er námskeið sem lýkur með bóklegu og verklegu prófi. Grunnþjálfun á að tryggja að skoðunarmenn fái viðeigandi þjálfun í bóklegum og verklegum þáttum til að framkvæma skoðanir ökutækja með viðeigandi hætti. Að lokinni grunnþjálfun er gefið út skírteini til staðfestingar á m.a. hvaða tegundir skoðana, ökutækjaflokka, leyfða heildarþyngd ökutækja og sérskilyrði skoðunarmaður er viðurkenndur fyrir, og gildir það í 5 ár.

Endurmenntun skoðunarmanna er námskeið sem hefur það hlutverk að rifja upp, endurnýja og bæta við þekkingu sem er nauðsynleg í starfi skoðunarmanns, með sérstaka áherslu á leiðbeiningar við skoðun, tæknibreytingar og gildandi regluverk á hverjum tíma. Endurnýjun á viðurkenningu skoðunarmanns eftir að hafa setið endurmenntunarnámskeið gildir í 5 ár í senn.

Grunnþjálfun og endurmenntun skoðunarmanna fer fram hjá námskeiðshaldara sem viðurkenndur er af Samgöngustofu eða hjá öðrum aðila sem hefur sérstakt leyfi Samgöngustofu.

Í námskránni er að finna viðmið um þekkingu, leikni og hæfni skoðunarmanna að loknu námi, viðmið um námstíma, hlutverk, skyldur og viðurkenningu þjálfunarstöðva og skírteinisútgáfu.

Námskrá þessi er sett af Samgöngustofu og staðfest af innviðaráðherra.

II. KAFLI

Viðurkenning skoðunarmanna.**2.1. Flokkar viðurkenninga.**

Samkvæmt 29. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja er kveðið á um að í viðurkenningarskírteini skuli koma fram hvaða viðurkenningu skoðunarmaður hefur til að skoða.

Samkvæmt námskrá þessari er umfang viðurkenninga flokkað eftir skoðunartegundum, ökutækjaflokkum, skilyrðum um leyfða heildarþyngd ökutækja og sérskilyrðum, sjá töflu 1. Um er að ræða fjóra flokka viðurkenninga:

Flokkur G: Grunnviðurkenning skoðunarmanns.

Flokkur B: Viðurkenning til skoðunar bifhjóla (allra flokka).

Flokkur S: Viðurkenning til skoðunar stærri ökutækja.

Flokkur V: Viðurkenning til að framkvæma sérstakar skoðanir.

Þjálfunarstöð getur tekið að sér þjálfun í einum eða fleiri flokkum en skal að lágmarki bjóða grunnþjálfun og endurmenntun vegna grunnviðurkenningar (flokk G).

Tafla 1. Flokkar viðurkenningar miðað við tegundir skoðana, ökutækjaflokka, leyfða heildarþyngd ökutækja og sérskilyrði.

Skoðunartegundir	Bifhjól ¹	≤ 3.500 ²	≤ 7.500 ³	> 7.500 ⁴
Aðalskoðun og endurskoðanir vegna hennar	G+B	G	G	G+S
Aukaskoðun að kröfu lögreglu og endurskoðun vegna hennar	G+B	G	G	G+S
ADR-skoðun	---	G	G	G+S
Skráningarskoðanir (v/ný- og endurskráningar) og endurskoðanir vegna þeirra	G+B+V	G+V	G+V	G+S+V
Breytingaskoðanir vegna notkunarflokkabreytinga og endurskoðanir vegna þeirra	G+B	G	G	G+S
Breytingaskoðanir og endurskoðanir vegna þeirra (nema vegna notkunarflokkabreytinga)	---	G+V	G+V	G+S+V
Samanburðarskoðun	G+B	G	G	G+S

Leyfisskoðanir	---	G	G	G+S
ADR-viðurkenningarskoðun	---	G+V	G+V	G+S+V

¹: Fyrir ökutæki í ökutækjaflokkum L (allar gerðir bifhjóla).

²: Fyrir ökutæki í öllum ökutækjaflokkum (nema L) ≤ 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

³: Sérskilyrði, gildir fyrir ökutæki í öllum ökutækjaflokkum (nema L) ≤ 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd sem eru ekki búin loftheljum, annars þarf réttindi í flokki S.

⁴: Fyrir ökutæki í öllum ökutækjaflokkum (nema L) > 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

III. KAFLI

Grunnþjálfun skoðunarmanna.

3.1. Markmið.

Markmið grunnþjálfunar verðandi skoðunarmanna er að tryggja að þeir fái viðeigandi þjálfun í bóklegum og verklegum þáttum til að framkvæma skoðanir ökutækja með viðeigandi hætti. Fyrirgreindu markmiði skal ná með því að tilvonandi skoðunarmaður sæki skipulagða þjálfun sem sett er fram í kennsluskrá viðkomandi þjálfunarstöðvar og byggir á námskrá þessari. Þjálfunin skal taka mið af starfsumhverfi skoðunarmanna og hafa hagnýt viðfangsefni eftir því sem unnt er.

3.2. Skipulag.

Grunnþjálfunin felur bæði í sér fræðilega og verklega þætti. Viðmið um námstíma eru uppgefin fyrir sérhvern námsþátt sem gefa eiga til kynna umfang þjálfunarinnar. Fræðilegi þátturinn getur bæði verið í fjar- og staðkennslu.

Æskilegt er að leiðbeinendur leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni og samþætti fræðileg og verkleg efnistöð. Einnig að skipulag sé með þeim hætti að þátttakendur taki virkan þátt í þjálfuninni.

3.3. Námsmat.

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsins með bóklegu og verklegu prófi.

Bóklegt próf úr fræðilega þættinum skal innihalda að lágmarki mat á eftirfarandi þáttum:

- Að lágmarki 30 spurningar úr fræðilegu efni sérhvers námsþáttar sem inniheldur fræðilegt efni af einhverju tagi. Þriðjungur spurninga verða að vera opnar en aðrar mega vera krossaspurningar (ein- eða fjölval). Þátttakanda á að vera heimilt að nota öll gögn í prófinu. Markmið er að þátttakandi nái yfir 80% árangri.

Verklegt próf skal innihalda að lágmarki mat á eftirfarandi þáttum:

- Vegna grunnviðurkenningar skal framkvæma eina aðalskoðun á bifreið og eftirvagni. Fylgst með ferli, notkun skoðunartækja, notkun mælitækja, skráningu annmarka og kynningu á niðurstöðu. Þátttakanda á að vera heimilt að nota öll gögn í prófinu. Markmið að árangur sé yfir 80% á matskvarða vegna sérhvers ökutækis.
- Vegna viðbótarviðurkenninga skal framkvæma eina skoðun á ökutæki sem er einkennandi fyrir viðbótarviðurkenninguna (bæði hvað varðar skoðunartegund og gerð og stærð ökutækis). Markmið og mat á árangri með sama hætti og gildir í grunnviðurkenningu.

3.4. Hæfniviðmið.

Að lokinni grunnþjálfun á tilvonandi skoðunarmaður að hafa hæfni til að:

- vinna rétt eftir regluverki um skoðun ökutækja,
- sinna allri framkvæmd skoðunar á ökutækjum á faglegan, réttan og öruggan hátt,
- skilja ábyrgð sína og kröfu um hlutleysi sem fylgir því að vera skoðunarmaður ökutækja, og
- leiðbeina eigendum ökutækja á faglegan hátt um niðurstöður skoðana.

3.5. Námsþættir.

Námsþættir grunnþjálfunar hafa hver um sig viðmið um þekkingu og leikni sem sameiginlega ná fram þeirri hæfni sem stefnt er að. Grunnþjálfun skoðunarmanna samanstendur af námsþáttum sem bæði eru áskildir vegna grunnviðurkenningar skoðunarmanns og valkvæðum námsþáttum til að öðlast viðbótarviðurkenningu skoðunarmanns (sjá útfærslu viðurkenninga í kafla II Viðurkenning skoðunarmanna).

3.5.1. G1 Grunnur – Stjórnýsla skoðana ökutækja (um 28 klst.).

Tilgangur þessa námsþáttar er að tryggja að skoðunarmaður hafi yfirsýn yfir helstu atriði laga og reglugerða sem lúta beint eða óbeint að skoðun ökutækja hér á landi. Um fræðilegt nám er að ræða. Námsþátturinn er áskilinn fyrir alla verðandi skoðunarmenn.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- a. grunnatriðum í stjórnskipun Íslands, s.s. þrískiptingu valdsins, lagasetningu, reglugerðarsetningu og réttarstöðu skoðunarhandbókar ökutækja,
- b. tilgangi regluverksins og heildarmarkmiði þess varðandi reglubundnar skoðanir ökutækja, þ.m.t. hlutverk og ábyrgð faggiltra skoðunarstofa,
- c. verkefnum og hlutverki Samgöngustofu og tengingu stofnunarinnar við faggildar skoðunarstofur varðandi reglubundnar skoðanir ökutækja og eftirlit,
- d. áhrifum EES-samningsins og viðeigandi Evrópugerðum eins og um skoðun ökutækja,
- e. umferðarlögum og megininnihaldi þeirra er snúa að skoðunum, þ.m.t. um afleiðingar þess að ökutæki er ekki fært til skoðunar innan tilskilins tíma og um heimildir lögreglu til þess að banna notkun ökutækis,
- f. reglugerð um gerð og búnað ökutækja með sérstakri áherslu á uppbyggingu hennar, flokkun ökutækja og viðurkenningu ökutækja hér á landi,
- g. reglugerð um skoðun ökutækja með sérstakri áherslu tegundir skoðana, skoðunartíðni og réttindi viðskiptavina ásamt kröfum til skoðunarmanna og ábyrgð,
- h. öðrum reglugerðum sem tengjast skoðun ökutækja, s.s. reglugerð um skráningu ökutækja, reglugerð um stærð og þyngd ökutækja og reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
- i. skilyrðum til skoðana, s.s. um tryggingar og gjöld, og
- j. faggildingu, hlutverki hennar í starfsemi skoðunarstofa ásamt hlutleysiskröfum sem gerðar eru til skoðunarstofa og skoðunarmanna.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:

- a. útskýra muninn á því hvað eru lög, hvað eru tilskipanir og reglugerðir ESB og hvað eru íslenskar reglugerðir,
- b. velja viðeigandi reglugerð sem tengist skoðun ökutækja eftir efnisþætti, þ.e. hvaða reglugerð inniheldur viðkomandi efni,
- c. útskýra muninn á mismunandi skoðunartegundum,
- d. útskýra hvað faggilt skoðunarstofa er og hvað hlutleysiskrafa hefur í för með sér fyrir bæði skoðunarstofuna og skoðunarmann,
- e. útskýra hlutverk Samgöngustofu í tengslum við skoðun ökutækja, og
- f. leiðbeina viðskiptavinum geri þeir athugasemd við framkvæmd skoðunar.

3.5.2. G2 Grunnur – Tæknikröfur og framkvæmd skoðana ökutækja (um 35 klst.).

Tilgangur þessa námsþáttar er að tryggja að skoðunarmenn hafi annars vegar góða og nothæfa þekkingu á skoðunarhandbók ökutækja, uppbyggingu hennar og innihaldi. Hins vegar að þeir hafi öðlast leikni í að framkvæma skoðanir ökutækja sem falla undir grunnviðurkenningu skoðunarmanns (flokk G) og nota til þess skoðunar- og mælitæki sem við eiga. Áhersla er á verklega þjálfun í bland við fræðilegt nám í þessum námsþætti. Námsþátturinn er áskilinn fyrir alla verðandi skoðunarmenn.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- a. uppbyggingu skoðunarhandbókar ökutækja,
- b. hvaða upplýsingar er að finna í skoðunarhandbókinni og hvaða upplýsingar er að finna á öðrum stöðum, s.s. í reglugerðum, skráningarreglum eða gæðakerfi viðkomandi skoðunarstofu,
- c. orðum og hugtökum sem notuð eru í skoðunarhandbókinni og notuð eru í faginu, sérstaklega muninn á minniháttar, meiriháttar og alvarlegum annmörkum og skilning á orðalagi um mat á annmörkum,
- d. hvernig nýta má leiðbeiningar um aðferðir við mælingar af ýmsu tagi, s.s. við mengunarmælingar, hemlamælingar og mælingar á ljósastillingu,
- e. kröfum um nákvæmni mælitækja og hvaða afleiðingar það hefur ef mælitæki reynist utan marka,

- f. mikilvægi þess að fylgja viðurkenndum ferlum við framkvæmd skoðana og færa jafnóðum til bókar þá annmarka sem finnast við skoðun, og
 - g. öryggisvitund í tengslum við skoðun ökutækja.
- Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:
- a. nýta sér fyrsta hluta skoðunarhandbókar, s.s. til að fletta upp kröfum um framkvæmd einstakra skoðunartegunda, kynna sér skoðunartíðni og kröfur sem gilda um breytingar á ökutækjum,
 - b. nýta sér annan hluta skoðunarhandbókar, verklagsbækur skoðana, s.s. til að finna viðeigandi skoðunatriði, sjá hvaða skoðunaraðferð er beitt, finna viðeigandi forsendu dóma og þar með dæma á viðeigandi skoðunatriði,
 - c. nýta sér þriðja hluta skoðunarhandbókar, stoðritshlutann, s.s. til að finna upplýsingar um mæliaðferðir, breytingaskoðanir, samantektir, reglugerðir og öryggistilkynningar,
 - d. beita þeim skoðunartækjum sem við eiga, s.s. lyftu, skakara, tjakki, spennijárni, hjólþeyti og málböndum,
 - e. framkvæma einstakar mælingar vegna skoðunar ökutækja með viðkomandi mælitækjum, s.s. hemlaprófanir, mengunarmælingar, mælingar á stillingu ljósa og hávaðamælingar,
 - f. leggja mat á annmarka í samræmi við kröfur í skoðunarhandbók þannig að dæming skoðunatriða sé bæði fagleg og réttmæt,
 - g. ákveða rétta niðurstöðu skoðunar miðað við skoðunartegund og dæmingu einstakra skoðunatriða,
 - h. grípa til viðeigandi ráðstafana ef mælitæki reynist bilað eða grunur leikur á að það sé utan marka,
 - i. útskýra niðurstöður skoðunar af öllu tagi, þ.m.t. dæmingar einstakra skoðunatriða, hvaða frestur gildir til að laga annmarka, hvaða reglur gilda ef notkun er bönnuð og hvað það hefur í för með sér varðandi viðgerð og frekari notkun ökutækisins, og
 - j. hvert ber að leita ef viðskiptavinur er ósáttur við framkvæmd skoðunarinnar eða niðurstöðu hennar.

3.5.3. B1 Viðbót – Tæknikröfur og framkvæmd skoðana á bifhjólum (um 4 klst.).

Tilgangur þessa námsþáttar er að tryggja að skoðunarmenn hafi öðlast leikni í að framkvæma skoðanir ökutækja sem falla undir viðurkenningarflokk B, bifhjól, og nota til þess skoðunar- og mælitæki sem við eiga. Námsþátturinn er til útgáfu viðbótarviðurkenningar fyrir skoðunarmenn.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- a. þeim viðbótarreglum sem gilda um bifhjól, s.s. um standara, fótstig, handfestur, keðjuhlífar, hávaða og hjóllhlífar,
- b. þeim nýju eða breyttu skoðunaraðferðum sem nota skal við skoðanir bifhjóla, sérstaklega varðandi lyftiaðferðir, hemlapróf í akstri, hávaðamælingu og ljósaþögnun,
- c. væntanlegri aðkomu umráðamanns og hlutverki hans í framkvæmd skoðunar, og
- d. öryggisvitund í tengslum við skoðun bifhjóla, sérstaklega í tengslum við hemlapróf.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:

- a. beita þeim skoðunaraðferðum sem sérstaklega eiga við í tengslum við skoðun bifhjóla, s.s. að lyfta bifhjóli, stilla upp hemlaprófunarbraut eða meta fríhlaup í keðju,
- b. framkvæma mælingar vegna skoðunar bifhjóla með viðkomandi mælitækjum, s.s. hemlaprófanir, og
- c. finna og skoða þau atriði sem eiga sérstaklega við um bifhjól.

3.5.4. S1 Viðbót – Tæknikröfur og framkvæmd skoðana stærri ökutækja (um 14 klst.).

Tilgangur þessa námsþáttar er að tryggja að skoðunarmenn hafi öðlast leikni í að framkvæma skoðanir ökutækja sem falla undir viðurkenningarflokk S, stærri ökutæki, og nota til þess skoðunar- og mælitæki sem við eiga. Námsþátturinn er til útgáfu viðbótarviðurkenningar fyrir skoðunarmenn.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- a. þeim viðbótarreglum sem gilda um stærri ökutæki, s.s. um gerð, búnað, stærð og þyngd,
- b. þeim nýju eða breyttu skoðunaraðferðum sem nota ber við skoðanir stærri ökutækja, sérstaklega varðandi hemlapróf og samspili í hemlun dráttarbíls og eftirvagns hans,
- c. mögulegri aðkomu annars starfsmanns eða umráðamanns á meðan á skoðun stendur, og

- d. öryggisvitund í tengslum við skoðun ökutækja af þessari stærð.
Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:
- beita þeim skoðunartækjum sem sérstaklega eiga við um stærri ökutæki eða er beitt með öðrum hætti, s.s. skakara, tjakki, spennijárni, hjólþeyti og málböndum,
 - framkvæma einstakar mælingar vegna skoðunar stærri ökutækja með viðkomandi mælitækjum, s.s. hemlaprófanir á ökutækjum með þrýstiloftshemla, og
 - finna og skoða þau atriði sem eiga sérstaklega við um stærri ökutæki.

3.5.5. VI Viðbót – Tækniröfur og framkvæmd sérstakra skoðana (um 21 klst.).

Tilgangur þessa námsþáttar er að tryggja að skoðunarmenn hafi öðlast leikni í að framkvæma skoðanir ökutækja sem falla undir viðurkenningarflokk V, sérstakar skoðanir, og meðhöndla gögn og sinna skráningum af ábyrgð. Námsþátturinn er til útgáfu viðbótarviðurkenningar fyrir skoðunarmenn.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim viðbótarreglum sem gilda um þær skoðanir sem falla undir viðurkenningu um sérstakar skoðanir,
- því verklagi sem gildir um tilkynningu um nýja og breytta skráningu ökutækis og þeirri ábyrgð sem því fylgir, og
- öryggisvitund í tengslum við skoðun ökutækja af þessari stærð.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:

- finna og skoða þau atriði sem eiga sérstaklega við í sérstökum skoðunum, og
- vinna með þau gögn og skráningarform sem nauðsynleg eru vegna skráninga eða breytinga á skráningu ökutækja.

IV. KAFLI

Endurmenntun skoðunarmanna.

4.1 Markmið.

Markmið endurmenntunar er að rifja upp, endurnýja og bæta við þekkingu sem er nauðsynleg í starfi skoðunarmanns með sérstaka áherslu á skoðunarhandbók ökutækja, tæknibreytingar og gildandi regluverk á hverjum tíma. Fyrirgreindu markmiði skal ná með því að skoðunarmaður sækir skipulagða endurmenntun sem sett er fram í kennsluskrá viðkomandi þjálfunarstöðvar og byggir á námskrá þessari. Endurmenntunin skal taka mið af starfsumhverfi skoðunarmanna og hafa hagnýt viðfangsefni eftir því sem unnt er.

4.2 Skipulag.

Námskeið endurmenntunar felur bæði í sér bóklega og verklega þætti. Viðmið um námstíma eru uppgefin fyrir sérhvern námsþátt sem gefa eiga til kynna umfang námskeiðsins. Fræðilegi þátturinn getur bæði verið í fjar- og staðkennslu.

Æskilegt er að leiðbeinendur leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni og samþætti fræðileg og verkleg efnistöð.

4.3 Námsmat.

Ekki er um formlegt námsmat að ræða en gert er ráð fyrir að skoðunarmenn taki virkan þátt í endurmenntuninni.

4.4 Hæfniviðmið.

Að lokinni endurmenntun er horft til sömu hæfniviðmiða og eftir grunnþjálfun skoðunarmanns.

4.5 Námsþættir.

Námsþættir endurmenntunar hafa hver um sig viðmið um þekkingu og leikni sem sameiginlega ná fram þeirri hæfni sem stefnt er að. Endurmenntun skoðunarmanna samanstendur af tveimur námsþáttum sem áskildir eru fyrir alla skoðunarmenn, óháð viðurkenningu, því ber að aðlaga efnistöð að viðurkenningum þeirra skoðunarmanna sem sækja námskeiðið hverju sinni svo það nýtist þeim.

4.5.1. E1 Breytingar á kröfum (um 7 klst.).

Farið er yfir breytingar á lögum, reglugerðum og reglum síðustu fimm ára sem hafa haft áhrif á umhverfi skoðunarmannsins. Einnig er tæpt á þeim breytingum sem væntanlegar eru og vitað er að hafa muni áhrif á umhverfið. Um fræðilegt nám er að ræða.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim mikilvægu breytingum sem orðið hafa á kröfum síðustu ár,
- þeim breytingum sem væntanlegar eru á kröfum á næstu misserum,
- áhrifunum sem breytingarnar hafa haft og munu hafa á starf skoðunarmanns, og
- mikilvægi þess að halda þekkingu sinni við í starfi.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér þær breytingar sem orðið hafa, og
- undirbúa sig fyrir breytingar sem eru í farvatninu.

4.5.2. E2 Breytingar á skoðunaraðferðum (um 7 klst.).

Farið er yfir breytingar á skoðunaraðferðum og dæmingum síðustu fimm ára til að tryggja að þær hafi skilað sér í starfi skoðunarmanns. Undirbúnar eru þær breytingar sem eru í farvatninu, hvaða áskoranir þær gætu haft í för með sér og leiðir til lausnar ræddar. Áhersla er á verklega þjálfun í bland við fræðilegt nám í þessum námsþætti.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim mikilvægu breytingum sem orðið hafa á skoðunaraðferðum og dæmingum síðustu ár,
- þeim breytingum sem væntanlegar eru á skoðunaraðferðum og dæmingum á næstu misserum, og
- mögulegum áskorunum sem fylgja væntanlegum breytingum og leiðum til lausnar.

Að loknu námi skal skoðunarmaður hafa öðlast leikni í að:

- beita þeim skoðunaraðferðum sem breyst hafa á réttan og faglegan hátt, og
- taka þeim áskorunum sem eru fram undan varðandi nýjar skoðunaraðferðir eða öðru því í umhverfi skoðunarmannsins sem er að breytast.

V. KAFLI**Viðurkenning þjálfunarstöðva.****5.1. Kröfur um viðurkenningu þjálfunarstöðva.**

Samkvæmt 28. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja er kveðið á um að grunnþjálfun og endurmenntun skoðunarmanna skuli fara fram hjá námskeiðshaldara sem viðurkenndur er af Samgöngustofu eða hjá öðrum aðila sem hefur sérstakt leyfi Samgöngustofu.

Námskeiðshaldari er aðili sem sinnir fræðslu að meginstarfi, svo sem framhaldsskóli eða fræðslusetur sem sinnir fullorðinsfræðslu. Annar aðili getur verið einstaklingur eða fyrirtæki sem tekur að sér þessi námskeið og uppfyllir viðeigandi skilyrði, svo sem faggilt skoðunarstofa ökutækja.

Námskeiðshaldari og annar aðili nefnast einu nafni þjálfunarstöð.

5.2. Umfang viðurkenningar þjálfunarstöðva.

Umfang viðurkenningar þjálfunarstöðva er það sama og flokkar viðurkenninga á skoðunarmönnum, sjá kafla II Viðurkenning skoðunarmanna.

Þjálfunarstöð getur tekið að sér þjálfun í einum eða fleiri flokkum en skal að lágmarki bjóða grunnþjálfun og endurmenntun vegna grunnviðurkenningar.

5.3. Kröfur til þjálfunarstöðva.

Þjálfunarstöð þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur um aðföng og ábyrgð:

- Hafa sérþekkingu á skoðunum ökutækja.
- Hafa aðgengi að viðeigandi tækjabúnaði og aðstöðu.
- Hafa reynslu af kennslu og þjálfun fullorðinna námsmanna.
- Hafa reynslu af faglegri og stjórnsýslulegri ábyrgð varðandi rekstur fyrirtækis.
- Hafa forsvarsmann sem ber ábyrgð á starfsemi og er tengiliður við Samgöngustofu.

Sé þjálfunarstöð annar aðili (ekki námskeiðshaldari) þarf hún að uppfylla eftirfarandi viðbótarkröfu:

- Vera með vottað gæðakerfi, búa yfir skýrum og skráðum ferlum og vera með innra gæðaeftirlit er varðar þjálfun og endurmenntun.

Þjálfunarstöð skal útbúa kennsluskrá vegna grunnþjálfunar og endurmenntunar sem felur í sér útfærslu á námskrá þessari. Í kennsluskrá skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Heiti námskeiða.
- Markmið námskeiða.
- Lengd námskeiða.
- Kennsluáðferðir.
- Kennsluhúsnæði og fjarkennsluáðferðir (ef við á).
- Búnaður til fræðilegrar og verklegrar kennslu eftir því sem við á.
- Ökutæki eftir því sem við á.

5.4. Umsókn og útgáfa viðurkenninga á þjálfunarstöðvum.

Sótt er um viðurkenningu þjálfunarstöðvar til Samgöngustofu. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar og gögn eins og talið er upp í fyrri kafla (Kröfur til þjálfunarstöðva).

Við yfirferð umsókna leggur Samgöngustofa mat á alla þætti í starfsemi og veitir upphafsviðurkenningu að skilyrðum uppfylltum. Matið felst bæði í yfirferð gagna og með heimsóknum.

Upphafsviðurkenning þjálfunarstöðvar gildir í 3 ár en svo má framlengja viðurkenningu í allt að 5 ár í senn.

5.5. Eftirlit með starfsemi þjálfunarstöðva.

Samgöngustofa hefur eftirlit með starfsemi þjálfunarstöðva. Eftirlitið felst í því að fylgjast með því að þjálfunarstöð uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skv. reglugerð um skoðun ökutækja og námskrá þessari. Eftirlitið felst bæði í skoðun gagna og með heimsóknum, m.a. skoðun á kennslu-efni, verkefnum, prófum og matskvörðum.

Um eftirlitið gildir sérstök vinnulýsing í gæðakerfi Samgöngustofu sem finna má á heimasíðu hennar.

VI. KAFLI

Skipulag þjálfunar og útgáfa skírteina.

6.1. Þjálfunarferli skoðunarmanns.

Til að öðlast viðurkenningu sem skoðunarmaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi kröfur um menntun og réttindi:

- hafa sveinspróf í bifvélavirkjun, bifreiðasmíði eða vélvirkjun,
- hafa ökuréttindi á þau ökutæki sem hann skoðar (sbr. túlkun í kafla IV í fyrsta hluta skoðunarhandbókar), og
- hafa nægan skilning á íslensku til að geta framkvæmt skoðun samkvæmt skoðunarhandbók og útskýrt niðurstöðu skoðunar fyrir eiganda eða umráðamanni ökutækis.

Að þessum skilyrðum uppfylltum leggur umsækjandi inn umsókn um grunnþjálfun hjá viðurkenndri þjálfunarstöð. Eftir að hafa lokið grunnþjálfun og staðist bóklegt og verklegt próf samkvæmt námskrá þessari, tilkynnir þjálfunarstöð Samgöngustofu um það.

Samgöngustofa viðurkennir skoðunarmann eftir að hann er ráðinn til skoðunarstofu og úthlutar honum númeri í ökutækjaskrá sem hann notar til að auðkenna skoðanir sem hann mun taka ábyrgð á. Númerið má skoðunarmaður nota á meðan hann starfar hjá þeirri skoðunarstofu sem viðurkenningin nær til og fyrir þá flokka sem hann er viðurkenndur fyrir. Skoðunarstofa sækir um viðurkenninguna fyrir hans hönd og framvísar staðfestingum á menntun og réttindum viðkomandi. Samgöngustofa staðfestir viðurkenninguna með skírteini (sjá um útgáfu skírteina).

Skoðunarmaður verður að hafa klárað endurmenntunarnámskeið áður en gildistími skírteinis hans rennur út, að öðrum kosti missir hann skoðunarréttindi sín sjálfkrafa og getur þá viðkomandi ekki sent skoðun til Samgöngustofu. Skoðunarstofa sækir um setu á endurmenntunarnámskeiði fyrir hönd

skoðunarmanns. Þegar skoðunarmaður hefur lokið endurmenntunarnámskeiði tilkynnir þjálfunarstöð Samgöngustofu um það sem framlengir réttindin.

Hafi skoðunarmaður ekki verið viðurkenndur fyrir alla flokka í upphafi og bætir við sig réttindum síðar, skal endurmenntun alltaf miðast við gildistíma á fyrsta skírteininu sem gefið var út.

Ef skoðunarmaður hættir störfum hjá skoðunarstofu og hefur störf hjá annarri skoðunarstofu hefur hann ekki heimild til að nota fyrra skoðunarmannsúmer sitt hjá nýjum aðila. Nýja skoðunarstofan sækir um nýttúmer til Samgöngustofu, að því gefnu að réttindi hans séu ekki útrunnin.

Áréttað er að skoðunarmanni sem uppfyllir ekki lengur kröfur til viðurkenningar ber skylda til að tilkynna það til Samgöngustofu.

6.2. Þjálfunarferli tæknilegs stjórnanda.

Til að öðlast viðurkenningu sem tæknilegur stjórnandi þarf umsækjandi að:

- vera verkfræðingur, tæknifræðingur eða meistari í bifvélavirkjun,
- hafa a.m.k. fjögurra ára skjalfesta starfsreynslu eða jafngildi þess, t.d. skjalfesta handleiðslu eða nám og viðeigandi þjálfun á tilteknum sviðum ökutækja sem talin eru upp í a-lið 1. mgr. IV. viðauka við tilskipun 2014/45/ESB,
- hafa verið í viðeigandi starfi (sbr. fyrri punkt) í minnst þrjú ár af síðustu tíu árum, og
- vera starfsmaður faggiltrar skoðunarstofu ökutækja.

Að þessum skilyrðum uppfylltum sér skoðunarstofan um að sækja um grunnþjálfun hjá viðurkenndri þjálfunarstöð. Eftir að hafa lokið grunnþjálfun og staðist bóklegt og verklegt próf samkvæmt námskrá þessari, tilkynnir þjálfunarstöð Samgöngustofu um það. Skoðunarstofa sækir þá um viðurkenningu hans sem tæknilegs stjórnanda til Samgöngustofu og sendir með staðfestingu á menntun, starfsreynslu og starfi, og sem skoðunarmanns eigi það við (sbr. næstu málsgrein). Að öllum skilyrðum uppfylltum gefur Samgöngustofa þá út viðurkenningu tæknilegs stjórnanda og skírteini.

Uppfylli tæknilegur stjórnandi menntunarkröfur skoðunarmanns getur hann fengið viðurkenningu sem skoðunarmaður. Að öðrum kosti hefur tæknilegur stjórnandi uppfyllt skilyrðin um grunnþjálfun en fær ekki viðurkenningu eða að starfa sem skoðunarmaður. Sé tæknilegur stjórnandi með viðurkenningu sem skoðunarmaður gilda sömu reglur um endurmenntun hans og gilda um endurmenntun skoðunarmanna almennt.

6.3. Útgáfa skírteina.

Samgöngustofa gefur út skírteini til skoðunarmanns og tæknilegs stjórnanda þegar skilyrði viðurkenningar eru uppfyllt í samræmi við kröfur til þeirra í 26. og 27. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja. Skírteini eru gefin út að lokinni grunnþjálfun einstakra viðurkenningarflokka og svo að lokinni endurmenntun hverju sinni.

Í skírteininu skal m.a. koma fram nafn viðkomandi, heiti skoðunarstofu sem viðkomandi starfar hjá, númer skoðunarmanns, hvaða ökutækjaflokk viðkomandi er viðurkenndur fyrir, hvort um grunnþjálfun eða endurmenntun var að ræða, útgáfudagsetning og gildistími (5 ár).